



## Starfsmenntunarsjóður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

### Um sjóðinn:

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Auk þess að efla námsefnisgerð fyrir tónlistarskóla.

Umsóknum ásamt fylgiskjöllum skal skilað rafrænt á [Mínum síðum](#) KÍ. Ef ekki er mögulegt að senda fylgiskjöl rafrænt með umsókn skal senda þau á [sjodir@ki.is](mailto:sjodir@ki.is) ásamt umsóknarnúmeri. Kvittanir mega mest vera tólf mánaða gamlar.

Sjóðsstjórnarfundir eru haldnir reglulega, á um það bil sex vikna fresti.

### Hverjir eiga rétt á styrkjum?

Aðild að sjóðnum eiga kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum sem greitt er fyrir í sjóðinn á grundvelli kjarasamnings fyrrgreindra aðila.

Réttur skapast um leið og iðgjöld berast til Kennarasambands Íslands (KÍ).

### STYRKIR

#### B deild sjóðsins:

Sjóðfélagi getur sótt um 300.000 kr. styrk að hámarki, á 3ja ára fresti, vegna námskeiða /ráðstefna innanlands eða í útlöndum. Dreifa má styrknum á allt að þrjú ár. Sjóðstjórn leitast við að úthluta styrkjum jafnharðan og fullnægjandi gögn berast.

Staðfesta ber kostnað og þátttöku í námi með ljósriti af vottorði og reikningum eða með frumritum. Styrkur skal aldrei vera hærri en sem nemur útlögðum kostnaði.

Félög eða hópar geta ekki sótt um þennan styrk, einungis einstaklingar.

#### C deild sjóðsins:

Hægt er að sækja um styrk til einstaklinga eða hópa vegna námsefnisgerðar eða rannsóknar- og þróunarverkefna. Hámarksstyrkur er 700.000 kr. Umsóknir eru afgreiddar einu sinni á ári. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember ár hvert og eru umsóknir afgreiddar fyrir 15. desember.

Viðbótargögn með umsókn fylgi eftir atvikum í viðhengi, þ.e. lýsing verkefnis og sundurliðuð kostnaðaráætlun. Styrkur er greiddur út í tvennu lagi, þ.e.

1. þegar verkefni er hafið og
2. þegar því er lokið.

#### D deild sjóðsins:

Hámarksstyrkur vegna hóp- og kynnisferða á hvern sjóðféлага er 100.000 kr. þriðja hvert ár. Dagskrá þarf að standa yfir að lágmarki í einn dag.

Ábyrgðarmaður ferðar sendir tilkynningu um fyrirhugaða ferð og þátttakendur til sjóðsins.

Ábyrgðarmaður er tengiliður hópsins við sjóðinn.

Ábyrgðarmaður ferðar staðfestir þátttöku alls hópsins og sendir sjóðnum eftirfarandi gögn:

- lista með nöfnum þátttakenda; kennara/stjórnenda,
- dagskrá og ferðalýsingu, lágmark einn dagur
- staðfestingu frá móttökuaðila/-aðilum
- staðfestingu á kostnaði hvers einstaklings.

Hver sjóðfélagi sækir um styrk á „[Mínum síðum](#)“ að ferð lokinni. Með umsókn skal fylgja:

- staðfestingu á þátttöku umsækjanda, s.s. afrit af farseðli, og

- kvittanir fyrir útlögðum kostnaði.

Styrkurinn er greiddur til hvers og eins kennara/stjórnanda og ekki er greitt meira en sem nemur staðfestum kostnaði.

Kennari/stjórnandi sem hefur fullnýtt hópstyrk á tímabilinu getur nýtt sér styrk úr B deild sjóðsins (námskeið) sem nemur 100.000 kr. hafi hann ekki nýtt sér þann rétt.